



Ofbeldi í nauðgunarmálum og áhrif þess við  
ákvörðun refsingar

- BA ritgerð í lögfræði -

Soffía Dóra Jóhannsdóttir

Lagadeild

Félagsvísindasvið

Umsjónarkennari: Ásta Stefánsdóttir

Apríl 2011



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

# **Ofbeldi í nauðgunarmálum og áhrif þess við ákvörðun refsingar**

-BA ritgerð í lögfræði -

Soffía Dóra Jóhannsdóttir

**Lagadeild  
Félagsvísindasvið  
Umsjónarkennari: Ásta Stefánsdóttir  
Apríl 2011**



## EFNISYFIRLIT

1	Inngangur.....	3
2	Skilgreining á nauðgunarhugtakinu.....	4
3	Þróun 194. gr. hgl. ....	5
3.1	Almennt.....	5
3.2	Breytingar með lögum nr. 40/1992.....	6
3.3	Breytingar með lögum nr. 61/2007.....	6
4	Um þvingun og samþykki.....	8
5	Um ofbeldishugtakið.....	10
5.1	Ofbeldishugtakið innan líkamsárásarákvæðanna.....	10
5.2	Ofbeldishugtakið innan nauðgunarákvæðisins.....	13
5.2.1	Sakartæming 194. gr. gagnvart 217. gr.....	15
5.2.2	Brotasamsteypa þegar 194. gr. og 218. gr. hgl. er beitt samtímis.....	17
6	Ákvörðun refsinga í nauðgunarmálum.....	18
6.1	Ákvörðun refsinga á árunum 1992-2008.....	18
6.2	Ákvörðun refsinga á árunum 2009 - 2010.....	19
7	Niðurstöður og lokaorð.....	23
8	HEIMILDASKRÁ.....	24
9	DÓMASKRÁ.....	25

# 1 Inngangur

Kynferðisbrotamál eru líklega viðkvæmustu málin sem koma fyrir dómstóla. Sönnunarkröfur í slíkum málum eru eðlilega strangar og sönnunarstaðan oft sú að einu vitnin eru ákærði og brotþoli. Af kynferðisbrotum er nauðgun alvarlegasta brotið gegn kynfrelsi fólks og það sem oftast reynir á í réttarframkvæmd.

Um nauðgun er fjallað í 1. og 2. mgr. 194. gr. XXII. kafla almennu hegningarlaganna nr. 19/1940<sup>1</sup>, en ákvæði kaflans er ætlað að vernda athafnafrelsi og virðingu fólks á sviði kynlífsins. Ákvæðið er svo hljóðandi:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögumætri nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innlokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti. Það telst einnig nauðgun og varðar sömu refsingu og mælt er fyrir um í 1. mgr. að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans. Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 4 árum og allt að 6 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Kynferðisbrotakafli hegningarlaganna hefur tekið töluverðum breytingum á síðastliðnum tuttugu árum og veitir núgildandi ákvæði 194. gr. laganna þolendum nauðgunar töluvert meiri vernd en fyrir breytingarnar.

*Markmið ritgerðar þessarar er að gera grein fyrir ofbeldishugtakinu innan nauðgunarákvæðisins og skoða sérstaklega áhrif ofbeldis við ákvörðun refsinga í nauðgunarmálum seinustu ára. Einnig verður skoðað hver þróun refsinga í slíkum málum er.*

Nauðsynlegt er í upphafi að skilgreina nauðgunarhugtakið en svo verður gert í kafla 2. Í kafla 3 verður þróun 194. gr. rakin og fjallað um þær breytingar sem hafa orðið á kynferðisbrotakafli hgl. Í 4. kafla verður farið yfir hugtökin þvingun og samþykki. Ofbeldishugtakinu verða gerð skil í kafla 5 og fjallað verður sérstaklega um hugtakið innan líkamsárásarákvæðanna og svo innan nauðgunarákvæðisins. Í 6. kafla verður farið yfir ákvörðun refsinga í nauðgunarmálum á árunum 1992 – 2008 og sérstaklega verður litið til áhrifa ofbeldis við ákvörðun refsinga í málum seinustu tveggja ára. Að lokum verða niðurstöður dregnar saman í kafla 7.

<sup>1</sup> Hér á eftir verða almenn hegningarlög nr. 19/1940 með síðari breytingum skammstöfuð hgl.

<sup>2</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*, bls. 52.

## 2 Skilgreining á nauðgunarhugtakinu

Nauðgun er samsett brotalýsing, þ.e. brot sem er samsett úr mörgum og ólíkum refsiverðum verknaðarþáttum.<sup>2</sup> Í 1. mgr. 194. gr. hgl. eru nefndar þær verknaðaraðferðir sem beitt er við nauðgun. Fyrst ber að nefna ofbeldi. Skýring þess sem verknaðaraðferð í 194. gr. er óháð skýringu á ofbeldishugtakinu í líkamsárásarákvæðum hgl.<sup>3</sup>, en um ofbeldisþáttinn verður fjallað síðar í ritgerðinni. Hótun er verknaðaraðferð sem einnig er nefnd í 1. mgr. 194. gr. Jónatan Þórmundsson skilgreinir hótun svo: „*Hótun er tjáning hugsunar eða yfirlýsing, sem beint er til annars manns og er þess efnis, að eitthvað illt sé í aðsigi, er komi niður á þeim manni eða öðrum.*”<sup>4</sup> Hótuninni er þannig ætlað að hafa þau áhrif á annan einstakling að hann geri eitthvað sem er gegn hans vilja. Gerandi verður að geta raunverulega framkvæmt hótunina og því er það undir vilja brotþola komið hvort efni hennar verður framkvæmt eður ei.<sup>5</sup> Síðastnefnda verknaðaraðferðin í 1. mgr. 194. gr. er annars konar ólögmaet nauðung. Ólögmaetri nauðung var bætt inn í ákvæðið með breytingunum árið 2007.<sup>6</sup> Hugtakið hótun þótti ekki ná nógu vel yfir það sem hefur verið talið felast í ólögmaetri nauðung. Sem dæmi má nefna tilvik þar sem aldurs- eða aðstöðumunur ræður því að þolandi telur sig ekki geta spornað við kynmökum.<sup>7</sup>

Hver aðferðin fyrir sig gæti verið sjálfstætt brot, þ.e. ofbeldi skv. 217. gr. eða 218. gr. hgl. ólögmaet nauðung skv. 225. gr. hgl., hótun skv. 233. gr. hgl. og frelsissvipting skv. 226. gr. laganna. Aðferðirnar eru hluti af ákvæðinu og tæmir 194. gr. því oftast sök gagnvart þeim og verknaðurinn er metinn sem ein heild.<sup>8</sup> 194. gr. tæmir þó ekki sök gagnvart 226. gr. hgl. um frelsissviptingu, heldur er ákvæðunum beitt saman.<sup>9</sup> Þegar um ofbeldi er að ræða og það nær út fyrir 217. gr. hgl. og fella má ofbeldisverknaðinn undir 1. eða 2. mgr. 218. gr. hgl., tæmir nauðgunarákvæðið ekki lengur sök gagnvart ofbeldisbrotinu og um brotasamsteypu er að ræða.<sup>10</sup>

Að framansögðu má sjá að nauðgunarbrot eru rýmkuð brot, en Jónatan Þórmundsson skilgreinir þau svo: „*Rýmkað afbrot er það kallað, þegar annars vegar tvö eða fleiri afbrot eða brotþættir og hins vegar tvö eða fleiri efnisatriði refsíákvæðis, þar sem að*

<sup>2</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*, bls. 52.

<sup>3</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*, bls. 39.

<sup>4</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð I*, bls. 65.

<sup>5</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð I*, bls. 67.

<sup>6</sup> Alþt. 2006-07, A-deild, bls. 552.

<sup>7</sup> Umsögn ríkissaksóknara með greinargerð á vef Alþingis,

<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=133&malnr=20&dbnr=10&nefnd=a>

<sup>8</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*, bls. 36.

<sup>9</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*, bls. 53-54.

<sup>10</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*, bls. 52.

*jafnaði mætti refsja sjálfstætt fyrir hvert (hvern) þeirra, en þau (þeir) eru engu að síður virt sem ein heild, þ.e. sem eitt afbrot. Hvert slíkt rýmkað brot varðar yfirleitt aðeins við eitt refsíákvæði, sem tæmir sökina.”<sup>11</sup>*

Í 2. mgr. 194. gr. hgl. eru mælt fyrir um að það sé einnig nauðgun þegar gerandinn notfærir sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök. Hið sama gildir ef þannig er ástatt um þolandann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið hann. Sambærilegt ákvæði var í 196. gr. laganna um misneytingu fyrir breytinguna árið 2007, en rétt þótti að fella ákvæðið undir nauðgunarákvæðið í 194. gr. laganna.<sup>12</sup>

Fullframningarstig nauðgunarbrotisins miðast ekki lengur við samræði heldur eru önnur kynferðismök lögð að jöfnu við samræði.<sup>13</sup> Ásetningur er saknæmisskilyrði skv. 194. gr. hgl. Ásetningurinn verður að taka til allra efnisþátta greinarinnar, þ.e. verknaðaraðferða sem þar eru taldar upp. Ásetningurinn verður einnig að taka til kynmakanna og þarf hann að ná til þess að nota hinar ólögmetu verknaðaraðferðir til þess að ná fram kynmökunum. Öll stig ásetnings koma til greina.<sup>14</sup> Nauðgunarbrot eru nauðungarbrot og slík brot eru tjónsbrot.<sup>15</sup> Í 194. gr. hgl. kemur fram að refsímörk ákvæðisins eru fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum.

### **3 Þróun 194. gr. hgl.**

#### **3.1 Almenn**

Ákvæði kynferðisbrotakafla hegningarlagna stóðu óbreytt frá árinu 1940 þegar lögin voru sett og þar til fyrstu breytingar á kaflanum voru gerðar árið 1992.

Upphaflega var 194. gr. hgl. undir svokölluðum skírlífiskafla laganna og hljóðaði hún svo:

Ef kvenmanni er þröngvað til holdlegs samræðis með ofbeldi eða frelsissviptingu, eða með því að vekja henni ótta um líf, heilbrigði eða velferð hennar sjálfrar eða náinna vandamanna hennar, þá varðar það fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum eða ævilangt. Sömu refsingu skal sá sæta, sem kemst yfir kvenmann með því að svipta hana sjálfræði sínu.<sup>16</sup>

Með fyrstu breytingunni sem gerð var á kynferðisbrotakaflanum árið 1992, var skilyrðið um að konu væri þröngvað til samræðis „*með því að vekja henni ótta um líf,*

<sup>11</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 43.

<sup>12</sup> Alþt. 2006-07, A-deild, bls. 552.

<sup>13</sup> Alþt. 1991-92, A-deild, bls. 788.

<sup>14</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*, bls. 64-65.

<sup>15</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 66.

<sup>16</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*, bls. 16.

heilbrigði eða velferð hennar sjálftrar eða náinna vandamanna hennar” tekið úr ákvæðinu. Þess í stað var orðalaginu breytt í *hótun um ofbeldi*, þar sem ofbeldishótun þótti svo annarleg í eðli sínu að ekki þyrfti nánar að taka fram í ákvæðinu um hvers konar ofbeldishótun væri að ræða.<sup>17</sup> Með breytingunum árið 2007 var svo skilyrðið um ofbeldishótun tekið út, þar sem *hótun* ein og sér þótti nægja.<sup>18</sup>

Fyrst eftir setningu hegningarlagna komu brot gegn ákvæðum um kynferðisbrot sjaldan til kasta dómstóla, enda var umræðan um slík brot nánast engin. Því var endurskoðun ákvæðanna orðin tímabær.<sup>19</sup>

### 3.2 Breytingar með lögum nr. 40/1992

Í kjölfar skýrslu nauðgunarmálanefndar, sem út kom árið 1989, voru ákvæði XXII. kafla alm. hgl. um kynferðisbrot endurskoðuð, sbr. lög nr. 40/1992. Þau höfðu þá verið óbreytt frá því að hegningarlögin voru sett árið 1940 eins og áður sagði.

Fyrirnefnd skýrsla var grundvöllur þeirra breytinga sem urðu á kynferðisbrotakafla hegningalaganna, sem þá nefndist *Skírlífisbrot*. Í skýrslunni var m.a. lagt til að heiti XXII. kafla yrði breytt í *Kynferðisbrot*<sup>20</sup>, þar sem eðlilegt er að miða frekar við einkenni háttseminnar frekar en hið siðræna viðhorf almennings til brots og brotþola.<sup>21</sup> Einnig lagði nefndin til að samræming ákvæða um kynferðisbrot yrði í anda ríkjandi viðhorfa nú á dögum. Sérstaklega skyldi hafa hliðsjón af þeim breytingum sem höfðu orðið á Norðurlöndunum.<sup>22</sup>

Helstu breytingarnar sem gerðar voru með lögum nr. 40/1992 lutu annars vegar að því að ákvæði kaflans voru gerð ókynbundin, þ.e. áttu jafnt við um konur og karla, og hins vegar voru svonefnd önnur kynferðismök lögð að jöfnu við samræði, en áður vörðuðu þau vægari refsingu skv. lögnum. Fyrir breytingu laganna var fullframningarstig nauðgunar miðað við að getnaðarlimur karlmanns væri kominn inn í fæðingarveg konu og samræðishreyfingar hafnar.<sup>23</sup>

### 3.3 Breytingar með lögum nr. 61/2007

Árið 2007 var Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, fengin til að semja frumdrög að frumvarpi um breytingu á ákvæðum kynferðisbrotakafla

---

<sup>17</sup> Alpt. 1991-92, A-deild, bls. 789.

<sup>18</sup> Alpt. 2006-07, A-deild, bls. 524.

<sup>19</sup> Alpt. 2006-07, A-deild, bls. 518.

<sup>20</sup> *Skýrsla nauðgunarmálanefndar*, bls. 103.

<sup>21</sup> Alpt. 1991-92, A-deild, bls. 788.

<sup>22</sup> Alpt. 1991-92, A-deild, bls. 787-788.

<sup>23</sup> Alpt. 1991-92, A-deild, bls. 787-788.



hegningarlaganna. Endurskoðunin varðaði kynferðisbrot, þ.e. nauðgun, önnur brot gegn kynfrelsi fólks, kynferðisbrot gegn börnum og vændi. Um þessa málaflokka var fjallað í 194. gr. – 206. gr. hgl.<sup>24</sup> Í greinargerð með lagafrumvarpinu kom fram að haft hefði verið að leiðarljósi að auka réttarvernd kvenna og barna og gera ákvæðin einfaldari, skýrari og nútímalegri.<sup>25</sup> Til samanburðar má sjá að Norðmenn breyttu ákvæðum sinna hegningarlaga árið 2000 og Svíar fylgdu á eftir með breytingum á sínum ákvæðum árið 2005.<sup>26</sup>

Ákvæðum XXII. kafla laganna má skipta í fjóra flokka eftir verndarhagsmunum<sup>27</sup> og sá flokkur sem helst kemur til umfjöllunar í ritsmið þessari lýtur að nauðgun og öðrum brotum gegn kynfrelsi fólks (194. – 199. gr.).

Með þeim breytingum á hgl. sem gerðar voru árið 2007, var nauðgunarhugtakið rýmkað til muna. Hugsunin var sú að hið nýja ákvæði um nauðgun skyldi taka til þeirra tilvika þar sem kynmök fara fram án samþykkis þolanda. Ákvæði 194. gr. skiptist nú í tvær málsgreinar, þar sem efni 195. gr. var fært undir 1. mgr. 194. gr. og efni 196. gr. flutt í 2. mgr. 194. gr. hgl.<sup>28</sup> Með breytingunni er minni áhersla lögð á ofbeldisþátt nauðgunar en áður.<sup>29</sup> Áður féll annars konar ólögsmæt kynferðisnauðung undir 195. gr. laganna, þ.e. kynmök fengin með ólögsmætum hótunum um allt annað en ofbeldi. Ekki þótti lengur ástæða til að gera mun á hótunum um ofbeldi og öðrum hótunum sem verknaðaraðferðum við framningu kynferðisbrota. Ekki skiptir máli hvort hótad er ofbeldi eða einhverju öðru ef hótunin hefur þau áhrif að hinn brotlegi nær fram kynmökum við þolandann sem hefðu annars ekki átt sér stað.<sup>30</sup> Allar hótanir voru því látnar falla undir 1. mgr. 194. gr.<sup>31</sup>

Í 196. gr. laganna var áður lögð refsing við því að notfæra sér bágt ástand þolanda til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök. Ákvæðið tók til þess að notfæra sér geðveiki eða aðra andlega annmarka í þessu skyni og einnig að notfæra sér ástand þolanda þegar hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans. Brot gegn ákvæðinu taldist misneytingarbrot en ekki nauðgun í skilningi 194. gr. laganna. Ákvæðið, sem upphaflega var sett til að vernda sérstaklega þá sem minna máttu sín vegna geðveiki eða ástands, verkaði í þveröfuga átt þannig að þeir nutu í reynd lakari

---

<sup>24</sup> Alpt. 2006-07, A-deild, bls. 517.

<sup>25</sup> Alpt. 2006-07, A-deild, bls. 519.

<sup>26</sup> Alpt. 2006-07, A-deild, bls. 520.

<sup>27</sup> Alpt. 2006-07, A-deild, bls. 519.

<sup>28</sup> Alpt. 2006-07, A-deild, bls. 552.

<sup>29</sup> Alpt. 2006-07, A-deild, bls. 6515.

<sup>30</sup> Alpt. 2006-07, A-deild, bls. 523-524.

<sup>31</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot. Dómabók*, bls. 17.

réttarverndar.<sup>32</sup> Í greinargerð með lagafrumvarpinu er bent á að líta skuli öll brot gegn kynfrelsi einstaklinga alvarlegum augum, hvort sem þau eru gegn geðveiku, þroskaheftu, sofandi eða meðvitundarlausu fólki, eða þeim sem eru með rænu og heilbrigðir. Þessi brot falla nú undir 194. gr. hgl. Öll eru brotin alvarleg afbrot og erfitt er að rökstyðja hvers vegna samræði við rænulausa eða þroskahefta og varnarlausa manneskju sé síður alvarlegt en samræði sem komið er fram með eiginlegu ofbeldi.<sup>33</sup>

Með því að víkka út nauðgunarhugtak laganna og skilgreina brot sem áður féllu undir 196. gr. sem nauðgun, var viðurkennt að þungamiðja brota sem féllu undir 196. gr., væri líkt og á við um 194. gr., að samræði eða önnur kynferðismök fara fram gegn vilja þolanda og þar með án samþykkis hans. Í báðum tilvikum er brotið gegn sjálfsákvörðunarrétti einstaklings, athafnarfrelsi hans og kynfrelsi.<sup>34</sup>

#### 4 Um þvingun og samþykki

Í íslenskum rétti eru ofbeldi, hótun og ólögmat nauðung hugtaksskilyrði í skilgreiningu nauðgunar skv. 194. gr. hgl. Þó var eitt af aðalmarkmiðum lagafrumvarpsins árið 2007 að draga úr áherslu á þessum verknaðaraðferðum við framningu kynferðisbrota og leggja áherslu á að brotið er gegn kynfrelsi brotaþolans.<sup>35</sup> Skortur á samþykki er skilyrði þess að um nauðgun sé að ræða. Í engilsaxneskum rétti er ofbeldi eða hótanir ekki þáttur í skilgreiningu á nauðgunarhugtakinu, heldur er nauðgunin einungis skilgreind þar út frá samþykkishugtakinu.<sup>36</sup> Grundvallarhugsunin er sú sama hér á landi, þ.e. það þarf að vera skortur á samþykki til að um nauðgun sé að ræða, sá skortur gerir háttsemina að nauðgun og þar með refsiverða.<sup>37</sup> Með lagabreytingunum árið 2007 var þvingunarhugtakið numið brott úr 194. gr.<sup>38</sup> Við skilgreiningu hins hefðbundna nauðgunarhugtaks þótti vænlegra til árangurs að fella þvingunarpáttinn burt og leggja meiri áherslu á orsakatengslin milli ofbeldis eða hótunar annars vegar og kynmakanna hinsvegar, þannig að gerandinn nær fram kynmökunum vegna þess að hann beitti ofbeldi eða hótunum. Gera má ráð fyrir að þolandi hafi verið þvingaður til kynmakanna ef gerandi beitti ofbeldi eða hótunum.<sup>39</sup>

---

<sup>32</sup> Alpt. 2006-07, A-deild, bls. 525.

<sup>33</sup> Alpt. 2006-07, A-deild, bls. 526.

<sup>34</sup> Alpt. 2006-07, A-deild, bls. 526.

<sup>35</sup> Ragnheiður Bragadóttir: Umsögn með greinargerð á vef Alþingis, <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=133&malnr=20&dbnr=737&nefnd=a>

<sup>36</sup> Alpt. 2006-08, A-deild, bls. 533.

<sup>37</sup> Alpt. 2006-07, A-deild, bls. 534.

<sup>38</sup> Alpt. 2006-07, A-deild, bls. 554

<sup>39</sup> Alpt. 2006-07, A-deild, bls. 534.

Með þessum breytingum var lögð áhersla á að það er hin ólögmæta hegðun gerandans sem er þungamiðja brotsins og það sem sönnun í nauðgunarmálum á að snúast um, en ekki það hvort þolandi hafi verið þvingaður og hvernig hann hafi varist árásinni.<sup>40</sup>

Áður en þvingunarhugtakið var tekið úr ákvæðinu kom skýrt fram í orðalagi þess að refsivert væri að *þröngva* einstaklingi til samræðis. Of mikil áhersla þótti vera lögð á þvingunarhugtakið í nauðgunarmálum og viðbrögð þolandans við verknaðinum, þ.e. að sanna þyrfti að þolandi hefði t.d. barist á móti geranda. Orðalagið leiddi til þess að nauðgunarmál stóðu gjarnan og féllu með því hvað þolandi gerði eða gerði ekki, og hætt var við því að háttsemi gerandans félli í skuggann.<sup>41</sup> Í *Hrd. 2004, bls. 1111 (416/2003)* var talið vafasamt að þvingun hafi átt sér stað og því var ákærði sýknaður:

X var ákærður fyrir brot gegn 194. gr. og 196. gr. hgl. með því að hafa þröngvað ölvaðri 14 ára frænku sinni til munnmaka með því að taka um höfuð hennar, ýta því að getnaðarlim sínum og troða honum upp í hana á meðan hann hreyfði sig upp og niður. Framburður stúlkunnar þótti trúverðugur varðandi atvikin en framburður ákærða ótrúverðugur. Fram kom í dóminum að stúlkan og ákærði voru nán frændsystkin og féllst dómurinn á að ákærði hefði beitt yfirburðum þar sem hann var eldri en hún og trúnaðarvinur hennar og einnig vegna ölvunarástands hennar. Tók dómurinn fram að fullyrðing stúlkunnar um að hún hafi ekki tekið sjálfviljug þátt í atlotum ákærða væri trúverðug vegna frændseminnar. Þrátt fyrir fyrrgreint mat á trúverðugleika stúlkunnar, var niðurstaða dómsins sú að ákærði skyldi njóta vafans um það hvort þvingun hafi átt sér stað og var hann því sýknaður af ákærinni.

Hér réði þvingunarþátturinn úrslitum og augljóst er að dómurinn var bundinn af skýru orðalagi 194. gr. eins og ákvæðið hljóðaði fyrir breytingarnar árið 2007. Háttsemi ákærða féll í skuggann á þvingungarskilyrðinu og einblínt var á viðbrögð þolandans fremur en háttsemi gerandans.

Í dag skiptir ekki máli fyrir refsinaemi nauðgunarbrotis þótt lítil sem engin mótspyrna sé veitt. Hið sama gildir þótt þolandinn beri engin líkamleg ummerki eftir brotið. Algengt er að þolendur nauðgunar verði svo hræddir að þeir geti ekki barist á móti árásinni, heldur frjósi eða lamist úr hræðslu.<sup>42</sup> Eldri dómar sýna að áður fyrr var áskilnaður um líkamlega áverka á brotaþolanum til þess að sakfelld væri fyrir nauðgunarbrot. Skortur á ummerkjum brots og það að brotaþoli hafði ekki barist á móti leiddi oft til þess að sýknað var af refsikröfu í nauðgunarmálum. Í dag er trúverðugleiki framburðar þolanda metinn og stundum er niðurstaða um sakfellingu byggð á því að framburður þolanda er

---

<sup>40</sup> Alpt. 2006-07, A-deild, bls. 554.

<sup>41</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*, bls. 76.

<sup>42</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*, bls. 31.

trúverðugri en ákærða.<sup>43</sup> Þó er óumdeilanlega erfiðara að sanna að brot hafi verið framið ef þess eru engin ummerki og skipta þessi atriði því máli varðandi sönnun.<sup>44</sup> Í *Hótel Sögu dómunum*<sup>45</sup> voru viðbrögð þolandans t.d. þau að frjósa í hálfgerðu sjokki þegar ákærði nauðgaði henni:

Stúlka var á skemmtun á Hótel Sögu. Eftir að hafa spurt þrjá menn sem voru á staðnum hvar klósettið væri, ruddist einn þeirra inná salernisbásinn og þröngvaði henni til samræðis og munnmaka eftir að stúlkan hafði kastað af sér vatni. Stúlkan kvaðst hafa farið í hálfgerð sjökk við árásina, ekki viljað trúa því sem væri að gerast og veitti honum því ekki líkamlega mótspyrnu og hrópaði ekki á hjálp. Hún kvaðst hafa verið dofin og fundist eins og þetta væri ekki raunveruleikinn. Þegar stúlkan rankaði við sér af hræðsludoðanum meinaði ákærði henni útgöngu af básnum. Ekkert benti til þess að stúlkan hafi viljað hafa mök við manninn og fór hún grátandi út af klósettinu.

Maðurinn var upphaflega sýknaður í héraði árið 2007, m.a. vegna þess að verknaðurinn þótti ekki uppfylla skilyrði um ofbeldi sem er í 1. mgr. 194. gr. Dómurinn rak að ekki hafi verið talið sannað að ákærði hafi gert sér grein fyrir að samræðið væri gegn vilja stúlkunnar. Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar sem taldi að sú ályktun héraðsdóms um lögskýringu á 194. gr. hgl. fengi ekki staðist í ljósi dómaframkvæmdar Hæstaréttar. Hæstiréttur taldi niðurstöður héraðsdómsins ekki reistar á viðhlítandi grunni og ómerkta því sýknudóminn og vísaði málinu heim í hérað til nýrrar aðalmeðferðar. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að umrædd háttsemi ákærða skyldi metin sem ofbeldi í skilningi 1. mgr. 194. gr. hgl. og var sú niðurstaða staðfest með *Hrd. 4. desember 2008 (383/2008)*.

## 5 Um ofbeldishugtakið

### 5.1 Ofbeldishugtakið innan líkamsárásarákvæðanna

Hugtakið ofbeldisbrot er einskorðað við líkamlegt ofbeldi í þrengri merkingu refsiréttar. Líkamlegt ofbeldi verður að skýra með svipuðum hætti í öllum ákvæðum hegningarlaganna, þar sem það er tilgreint sem verknaðaraðferð. Sú skýring er ekki bundin af efni 217. og 218. gr. hgl. Ekki er áskilið neitt tjón af valdbeitingunni, gagnstætt því sem 217. gr. og 218. gr. hgl. gera ráð fyrir.<sup>46</sup> Líkamsárásarákvæðin leggja mun

---

<sup>43</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*, bls. 32.

<sup>44</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*, bls. 32.

<sup>45</sup> *Hrd. 14. febrúar 2008 (464/2007)* og *Hrd. 4. desember 2008 (383/2008)*.

<sup>46</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaðbyrgð I*, bls. 64.

þrengri merkingu í ofbeldishugtakið en nauðgunarákvæðið og áskilja heilsutjón sem afleiðingu. Ofbeldi er sjálfstætt afbrot innan líkamsárásarákvæðanna.<sup>47</sup>

217. gr. og 218. gr. hgl. eiga það sameiginlegt að fjalla um líkamsmeiðingar sem framdar eru af ásetningi.<sup>48</sup> Ekki er heimilt að refsa fyrir líkamsmeiðingu, sem á efnislega undir 217. gr., ef hún er framin af gáleysi. Innan 217. gr. falla þær líkamsárásir, sem eru ekki svo alvarlegar að 218. gr. taki til þeirra.<sup>49</sup> 1. mgr. og 2. mgr. 218. gr. varða meiriháttar líkamsárásir.<sup>50</sup> Andlag ákvæðanna er líkami mannsins og heilsa hans.<sup>51</sup>

Mörkin á milli 217. gr. og 218. gr. eru reist á því, hversu miklar líkamlegar- og heilsufarslegar afleiðingar brotið hefur í för með sér. Ekki er miðað við sjáanlega áverka eins og áður fyrr, þar sem eðlilegra er að miða mörkin milli meiriháttar og minniháttar líkamsmeiðinga við líkams- eða heilsutjón sem af þeim hlýst.<sup>52</sup> Af dómaframkvæmd má sjá að þau brot sem falla innan 217. gr. eru þau sem hafa smávægilegar afleiðingar, svo sem marbletti, rispur, bólgur, eymsli og glóðarauga. Í *Hrd. 14. janúar 2010 (250/2009)* var ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. með því að hafa ráðist á A, tekið hana hálstaki, slegið og sparkað í líkama hennar og höfuð. Áverkar voru marblettir á líkama, eymsli, tognun og sár á fæti.

Skilin milli 217. gr. og 218. gr. eru ekki alltaf skýr og til marks um það er *Hrd. 13. september 2007 (131/2007)*:

X var ákærður fyrir nauðgun með því að hafa þröngvað A til samræðis og annarra kynferðismaka með því að setja lim sinn í munn hennar og fingur í leggöng og beitt hana endurteknu ofbeldi á meðan á kynferðismökunum stóð. Afleiðingar ofbeldisins voru m.a. eymsli á hálsi, sár í nára, sprungur, bjúg á kynfærum, marblettir og bólgur um líkama.

Ákært var fyrir brot gegn 194. gr. og 2. mgr. 218. gr. en þrátt fyrir grófleika ofbeldisins var líkamsárásarbrotið fært undir 217. gr. þar sem afleiðingar ofbeldisins voru ekki meiri. 194. gr. var látin tæma sök gagnvart 217. gr. og sakfelldur var fyrir 194. gr.

218. gr. getur ekki átt við nema árás hafi allafdrifaríkar afleiðingar í för með sér fyrir heilsufar brotþola. Líta ber til þess hvernig brotþoli er á sig kominn eftir árás sem og hvort hann hafi þurft á sérstakri lækni meðferð að halda eða sjúkraudönnun, hversu

---

<sup>47</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíðabyrgð I*, bls. 65.

<sup>48</sup> Alþt. 1980-81, A-deild, bls. 329.

<sup>49</sup> Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti I*, bls. 13.

<sup>50</sup> Alþt. 1980-81, A-deild, bls. 330.

<sup>51</sup> Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti I*, bls. 13.

<sup>52</sup> Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti I*, bls. 6.

lengi hann hafi legið vegna meiðsla, hvort horfur séu á bata osfrv.<sup>53</sup> 218. gr. hgl. skiptist í tvær málsgreinar og komst sú breyting á með lögum nr. 20/1981.<sup>54</sup> Brot skv. 1. mgr. eru nokkurs konar miðflokkur líkamsárása andspænis 217. gr. og 2. mgr. 218. gr.<sup>55</sup> Í greinargerð með lagafrumvarpi nr. 20/1981 kemur fram að 1. mgr. skuli fjalla um líkamsmeiðingar en 2. mgr. um stórfelldar líkamsmeiðingar.<sup>56</sup> Refsimörk í 1. mgr. 218. gr. eru fangelsi allt að 3 árum eða sektir, en skv. 2. mgr. eru refsimörkin fangelsi allt að 16 árum. Þegar marka á skilin á milli verður fyrst og fremst að líta á afleiðingar líkamsárásar. Ekki er eingöngu litið til ytri líkamsáverka heldur einnig til annarra eftirkasta fyrir heilsufar brotþola.<sup>57</sup> Andleg heilsa skal njóta svipaðrar refsiverndar og líkamlegt heilbrigði.<sup>58</sup>

Þegar rætt er um heilsu í 218. gr. er einnig átt við geðheilsu einstaklings, þar sem oftast eru nán tengsl milli líkamlegs heilbrigðis og geðheilsu manna. Tjón á skynfærum og líffærarstarfsemi fellur einnig undir ákvæðið.<sup>59</sup> Í riti Andenæs og Bratholm er slæmt ör í andliti og tannbrot tekið sem dæmi um tjón á líkama í lagalegum skilningi. Um það sem teljist tjón á heilbrigði nefna þeir einhvers konar varanlega skerðingu á heilsufari. Almennt megi þó segja að tjón á heilbrigði sé einnig tjón á líkama.<sup>60</sup> Af dómaframkvæmd má sjá að beinbrot þurfi til að brot falli undir 1. mgr. 218. gr.<sup>61</sup> Í *Hrd. 21. júní 2010 (636/2009)* var ákærði sakfelldur fyrir líkamsárás með því að hafa ráðist á A með þeim afleiðingum að hún hlaut mar í andliti og á handlegg og brot á litla fingri hægri handar. Í *Hrd. 12. nóvember 2009 (487/2008)* réðst ákærði að fyrrverandi sambýliskonu sinni A og syni hennar. Sneri hann upp á hönd A með þeim afleiðingum að hún fingurbrotnaði. Sonurinn fingurbrotnaði þegar ákærði sneri upp á fingur hans. Brotin voru látin falla undir 1. mgr. 218. gr. Í sama máli veittist ákærði að A og dóttur hennar með hnefahöggum og ofbeldi. Þau brot voru heimfærð undir 217. gr.

Líkamsárás fellur undir 2. mgr. 218. gr. ef af henni hlýst stórfellt líkams- eða heilsutjón eða ef brot er sérstaklega hættulegt vegna þeirrar aðferðar, þ.á.m. tækja, sem notuð eru, svo og þegar brotþoli hlýtur bana af atögu. Hættuleg tæki eru t.d. hnifar,

<sup>53</sup> Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti I*, bls. 17.

<sup>54</sup> Alþt. 1980-81, A-deild, bls. 329.

<sup>55</sup> Ármann Snævarr: „Breytingar á almennum hegningarlögum í ljósi breyttra viðhorfa í refsirétti“, bls. 166.

<sup>56</sup> Alþt. 1980-81, A-deild, bls. 330.

<sup>57</sup> Ármann Snævarr: „Breytingar á almennum hegningarlögum í ljósi breyttra viðhorfa í refsirétti“, bls. 166-167.

<sup>58</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíðabyrgð I*, bls. 163.

<sup>59</sup> Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti I*, bls. 14.

<sup>60</sup> Johs. Andenæs og Anders Bratholm: *Spesiell strafferett*, bls. 61-62.

<sup>61</sup> Sbr. *Hrd. 21. júní 2010 (636/2009)* og *Hrd. 12. nóvember 2009 (487/2008)*.

byssur, sprengjur, hin ýmsu barefli og hættuleg lyf.<sup>62</sup> Af þessu má sjá að einungis falla stórfelldar líkamsárásir undir 2. mgr. sem eru hin alvarlegustu tilvik líkamsmeiðinga. Ennfremur skal horfa til þeirrar aðferðar sem beitt er við framningu brots þegar skilin milli 1. og 2. mgr. eru mörkuð.<sup>63</sup>

## 5.2 Ofbeldishugtakið innan nauðgunarákvæðisins

Skýring á ofbeldi skv. 194. gr. er óháð skýringu á ofbeldi í líkamsárásarákvæðunum. Þegar um ofbeldi innan nauðgunarákvæðisins er að ræða, er ekki áskilið neitt heilsutjón eða annað tjón af árásinni en samræðið sem leiðir af ofbeldinu. Aðeins persónulegt ofbeldi fullnægir skilyrðum 194. gr. hgl., þ.e. ofbeldi sem beinist að brotþola sjálfum eða einhverjum honum nákomnum.<sup>64</sup>

Ofbeldi er verknaðaraðferð innan 194. gr. hgl og beinist þannig að því markmiði að hafa samræði eða önnur kynferðismök við einstakling gegn vilja hans.

Ofbeldi er mjög víðtækt hugtak innan 194. gr. hgl. og er í hugtakið lagður rýmri skilningur en innan líkamsárásarákvæða hegningarlagna, þ.e. „*hvers konar beiting valds til þess að yfirvinna viðnám, sem er alvarlega meint.*”<sup>65</sup>

Fyrir lagabreytinguna á kynferðisbrotakaflanum árið 1992 sagði í 194. gr. að sú háttsemi að komast yfir konu með því að svipta hana sjálfræði sínu varðaði sömu refsingu og beiting ofbeldis í því skyni. Í 2. másl. 194. gr. nógildandi laga er tekið fram að til ofbeldis teljist svipting sjálfræðis með innlokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.<sup>66</sup> Þegar þessi lögskýrgreining<sup>67</sup> á ofbeldi í rýmri merkingu er skoðuð betur, kemur fram í greinargerð með lagafrumvarpi frá 1992 að ekki felst efnisbreyting í 2. másl. 194. gr. varðandi aðferðir sem lagðar verða að jöfnu við ofbeldi.<sup>68</sup> Í bók Ragnheiðar segir svo um sviptingu sjálfræðis: „*Svipting sjálfræðis gæti falist í því að svipta manneskju meðvitund með áfengi, fíkniefnum eða öðrum vímugjöfum, deyfingu, öðrum lyfjum, t.d. svefnlyfjum eða dáleiðslu.*”<sup>69</sup> Skilyrði þess að samfarir fengnar með þessari aðferð falli undir ákvæðið er að gerandi komi brotþola í ástandið með upphaflegum ásetningi til samfara. Einnig dugir að aðrir hafi aðstoðað hann við að koma ástandinu á eða komið

---

<sup>62</sup> Ármann Snævarr: „Breytingar á almennum hegningarlögum í ljósi breyttra viðhorfa í refsirétti”, bls. 166-167.

<sup>63</sup> Ármann Snævarr: „Breytingar á almennum hegningarlögum í ljósi breyttra viðhorfa í refsirétti”, bls. 167.

<sup>64</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*, bls. 39.

<sup>65</sup> Alþt. 2006-07, A-deild, bls. 552.

<sup>66</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*, bls. 39.

<sup>67</sup> Með lögskýrgreiningu er átt við skilgreiningu laganna.

<sup>68</sup> Alþt. 1991-92, A-deild, bls. 789.

<sup>69</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*, bls. 40.

ástandi á fyrir áeggjan gerandans. Fyrir lagabreytinguna árið 2007 voru brot látin falla undir 196. gr. ef brotamaður átti ekki neinn þátt í að koma þolanda í fyrrgreint ástand, en notfærði sér ástand sem var fyrir hendi.<sup>70</sup> Slík brot væru í dag látin falla undir núgildandi 2. mgr. 194. gr.<sup>71</sup>

Ýmiss konar ofbeldi getur fallið undir ákvæði 194. gr. Í greinargerð kemur fram að ofbeldi innan 194. gr. getur verið í þrengri merkingu þar sem hinn brotlegi neytir aflsmunar til þess að ná fram vilja sínum. Skýrt dæmi um það er þegar einstaklingur er tekinn hálstaki eða kverkataki og getur ekki varið sig með nokkru móti. Undir ofbeldishugtakið falla einnig högg, barsmíðar, hrindingar og spörk. Ekki er áskilið að ofbeldið sé svo mikið og þolandi svo illa útleikinn að hann verði bjargarlaus. Engar kröfur eru gerðar varðandi eðli árásar eða varanlegar afleiðingar af henni og afleiðingar þurfa ekki að vera aðrar en kynmökinn sem ætlunin er að ná fram með ofbeldinu. Brotþoli þarf ekki að bera neina líkamlega áverka og þess verður ekki krafist að hann veiti virka mótspyrnu.<sup>72</sup>

Sem dæmi um dóm þar sem gerandi beitti litlu ofbeldi má nefna *Hrd. 1991, bls. 1580*:

Maður nauðgaði stúlku að heimili sínu með því að setjast ofan á stúlkuna og halda henni niðri með þunga sínum. Hún barðist um en tókst ekki að losna undan honum. Á meðan gerandi sat á stúlkunni afklæddi hann sig og stúlkuna og hélt fyrir vit hennar þegar hún öskraði. Stúlkun var orðin máttfarin og gafst loks upp eftir að hafa barist um öskrandi og grátandi. Ákærði hélt um báða úlnliði stúlkunnar og tókst að koma getnaðarlim sínum inn í kynfæri hennar.

Ákærði viðurkenndi að stúlkun hafi í fyrstu verið mótfallin samförunum en síðar sagt honum að drífa þær af. Stúlkun féllst ekki á það fyrir dómi. Ákærði var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr.

*Hrd. 10. júní 2010 (421/2009)* er einnig gott dæmi um mál þar sem litlu ofbeldi var beitt:

Maður nauðgaði stúlku, sem var 14 ára, með því að halda stúlkunni niðri á meðan hann fitlaði við kynfæri hennar og þröngvaði svo getnaðarlim sínum inn í hana. Stúlkun reyndi að streitast á móti en gerandinn hafði yfirhöndina. Stúlkun var inn í læstum bíl með ákærða og komst því ekki út.

Ákærði í málinu var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. og 202. gr. hgl.

Ofbeldi getur virkað sem hótun um meira ofbeldi, þ.e. litlu ofbeldi er beitt í upphafi og því fylgja síðan hótanir um meira ofbeldi verði ekki látið undan. Slík ógnandi framkoma veldur ótta hjá þolanda um frekara ofbeldi þannig að hann ákveður að veita

<sup>70</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*, bls. 40.

<sup>71</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot. Dómabók*, bls. 17.

<sup>72</sup> Alþt. 2006-07, A-deild, bls. 552.



ekki frekari mótspyrnu. Rannsóknir hafa sýnt að þolendur kynferðisbrota verða yfirleitt fyrir miklu andlegu áfalli við kynferðisárásina og eiga oft erfitt uppdráttar andlega í kjölfarið.<sup>73</sup> Viðbrögð þolenda við árásinni eru líka misjöfn og líkamleg mótspyrna er ekki alltaf fyrstu viðbrögð fórnarlambins, sbr. *Hótel Sögu dómarnir*<sup>74</sup>, þar sem stúlkan lamaðist af hræðslu og veitti ekki líkamlega mótspyrnu þegar henni var nauðgað. Eins og áður kom fram sýknaði Héraðsdómur gerandann í fyrstu, þar sem ekki var talið að ákærði hafi með ofbeldi í skilningi 1. mgr. 194. gr. þröngvað stúlkunni til samræðis og annarra kynferðismaka. Hæstiréttur komst þó að lokum að þeirri niðurstöðu að um ofbeldi í skilningi 194. gr. hafi verið að ræða og var maðurinn því sakfelldur.

Ofbeldið eða hótunin um það beinist í flestum tilvikum að þeim einstaklingi sem er nauðgað. Fyrir breytinguna á kynferðisbrotakafla hegningarlaganna árið 1992 var sérstaklega tekið fram í lögnum að leggja mætti að jöfnu ofbeldi eða hótanir sem beindust að þriðja manni nákomnum einstaklingnum sem varð fyrir nauðguninni. Svo er ekki í núgildandi lögum en gert er ráð fyrir að slíkar hótanir megi leggja að jöfnu við hótanir gegn einstaklingnum sjálfum. Aðalatriðið er að hótanirnar hafi þau áhrif að þolandinn láti undan þrýstingi gerandans.<sup>75</sup>

### 5.2.1 Sakartæming 194. gr. gagnvart 217. gr.

Nauðgun er brot sem samsett er úr margvíslegum refsiverðum verknaðarþáttum. Einn þessara verknaðarþátta er ofbeldi sem getur varðað við 217. gr. hgl. um minni háttar líkamsmeiðingar.<sup>76</sup> Ofbeldið sem birtist við nauðgun getur ýmist verið mikið eða lítið og taka þarf afstöðu til þess hvort meta eigi alla verknaðarþættina sem eitt brot<sup>77</sup> eða skipta þeim niður í fleiri sjálfstæð brot. Talað er um sakartæmingu ef eitt refsíákvæði tekur til allra þátta háttseminnar. Fari ofbeldi sem beitt er við nauðgun ekki fram úr því ofbeldi sem gert er ráð fyrir í 217. gr. hgl um líkamsárásir er 194. gr. hgl. látin tæma sök og henni einni beitt um brotið.<sup>78</sup> Ofbeldið rúmast í slíkum tilfellum innan verknaðarlýsingar nauðgunarákvæðisins. „Ofbeldið sem slíkt gæti þannig varðað við 217. gr. hgl., en hér er það fólgið í nauðgunarverki, sem þannig er framið. Þess vegna tæmir 194. gr. sök

---

<sup>73</sup> Alþt. 2006-07, A-deild, bls. 553.

<sup>74</sup> Hrd. 14. febrúar 2008 (464/2007) og Hrd. 4. desember 2008 (383/2008).

<sup>75</sup> Alþt. 2006-07, A-deild, bls. 554.

<sup>76</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*, bls. 52.

<sup>77</sup> Þegar allir verknaðarþættir eru metnir sem eitt brot er um samsetta brotalýsingu að ræða.

<sup>78</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*, bls. 52.

*gagnvart 217. gr. Ef ofbeldið er svo alvarlegt, að það varði við 218. gr., fer það út fyrir þau mörk, sem rúmast innan verknáðarlýsingar 194. gr.”<sup>79</sup>*

Í dómafrankvæmd virðist þeirri reglu jafnan vera fylgt að um beinbrot eða hnífstungu þurfi að vera til sakfellt sé fyrir tvö brot og 194. gr. er beitt samtímis við 218. gr. sbr. 77. gr. hgl. Varðandi mörkin á milli 217. gr. og 218. gr. er áhugavert að skoða svokallaðan *Sumarbústaðardóm*.<sup>80</sup>

X var ákærður fyrir nauðgun og líkamsmeiðingar, með því að hafa slegið 17 ára sambýliskonu sína með krepptum hnefum í andlitið, hrint henni niður stiga og þröngvað henni, með ofbeldi og hótunum, til kynmaka og annarra kynferðismaka í leggöng og endaparm. Einnig hafði X troðið tréglasahaldara upp í leggöng Y og veitt henni með þessum aðförum stórfellda líkamlega áverka. Árásin var mjög hrottafengin og ofbeldi hans og hótanir um frekari ófarnað, svo sem að fletta húðinni af henni með ostaskera, stóðu yfir í á þriðju klukkustund. Þar sem árásin átti sér stað í sumarbústað gat Y hvorki kallað á hjálp né flúið. Stúlkan var verulega marin í andliti, bólgin, með sokkin augu og tognuð í höfði og afleiðingarnar voru m.a. áverkar við op legganga og endaparms. Við röntgenmyndatöku kom þó í ljós að stúlkan hafði ekki hlotið beinbrot við árásina.

Brotið var heimfært undir 194. gr. hgl. og var ákvæðið látið tæma sök gagnvart 217. gr. laganna og henni því ekki beitt samhliða við refsíákvörðun. Því má velja fyrir sér hvort ekki hafi verið um hættulegt vopn að ræða þegar X tróð tréglasahaldara upp í leggöng Y með þeim afleiðingum að verulegir áverkar urðu við op legganga og endaparms. Ef svo væri yrði brotið líklega heimfært undir 2. mgr. 218. gr. hgl. og henni beitt samhliða 194. gr. Með því að troða tréglasahaldaranum upp í leggöng Y má segja að aðferðin sem notuð var hafi gert hann að sérstaklega hættulegu vopni. Aðstæður voru ógnandi og mjög erfíðar fyrir þolandann. Hins vegar var ekki ákært fyrir 2. mgr. 218. gr. í málinu og því hefði ekki verið hægt að sakfella fyrir hana.

Í *Hrd. 1992, bls. 87* var líkamsárás sem gerandi beitti gegn fórnarlambi nauðgunarinnar látin falla undir 217. gr. í Hæstarétti en ákært var fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. og 194. gr.:

Ákærði og stúlkan A voru á hótélherbergi, hann leitaði á stúlkuna en hún sagðist ekkert vilja með hann hafa. Í framhaldinu sló ákærði A oft í andlitið með krepptum hnefa og við höggin missti hún meðvitund. Í kjölfarið nauðgaði ákærði stúlkunni. Stúlkan missti tvær framtennur við árásina.

Líkamsárásin var látin falla undir 217. gr. þar sem stúlkan greindi frá því að um gervitennur hafi verið að ræða, því var ekki um eiginlegt beinbrot að ræða. Við ákvörðun

<sup>79</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 46.

<sup>80</sup> *Hrd. 2001, bls. 4518 (290/2001)*.

refsingar var litið til þess að árás ákærða var fólkskuleg og tilefnislaus. Einnig var horft til þess að ákærði beitti A ofbeldi fyrir og eftir nauðgunina og var stúlkan meðvitundarlaus þegar hann nauðgaði henni, svo hún kom engum vörnum við. Árásin hafði líkamlegar og andlegar afleiðingar fyrir brotþola. Það var ákærða hins vegar til málsbóta að hann gaf sig fram við lögreglu að fyrri bragði og játaði brot sitt.

### 5.2.2 Brotasamsteypa þegar 194. gr. og 218. gr. hgl. er beitt samtímis

Þegar líkamsárás er svo alvarleg og ofbeldið sem gerandi beitir brotþola er komið á það stig að um meiri háttar líkamsmeiðingar er að ræða, er það komið út fyrir það sem gert er ráð fyrir í 194. gr.<sup>81</sup> Þá er 218. gr. beitt með 194. gr. og um brotasamsteypu er að ræða, þ.e. fleiri en eitt afbrot eru framin af sama manni, án þess að um þau hafi verið dæmt í millitíðinni. Við ákvörðun refsingar er vísað til 77. gr. hgl.<sup>82</sup> Bæði ákvæðin eru nauðsynleg þar sem þau taka til mismunandi þátta í verknaðinum. Ásamt því að vera brotasamsteypa er þetta svokallaður *concurus idealis*, þ.e. þegar hver verknaður er fleiri en eitt brot.<sup>83</sup>

Sem dæmi um dóm þar sem 194. gr. og 218. gr. var beitt samtímis má nefna *Hrd. 31.janúar 2008 (380/2007)*:

X var ákærður fyrir brot gegn 1. mgr. 226. gr. hgl., 2. mgr. 218. gr. hgl. og 194. gr. hgl. með því að hafa haldið Y nauðgri í íbúð í tæpan sólarhring, ráðist að henni með stórfelldri líkamsárás þar sem hann beitti hrottafengnu ofbeldi og nauðgaði henni. X réðst að fyrirverandi sambýliskonu sinni Y og sló margsinnis í andlit og líkama með hnefa og flötum lófa. Um nóttina og ítrekað fram undir morgun beitti hann Y ofbeldi og hótunum, ógnaði henni og lamdi með kjötexi og búrhníf og þrýsti kotta fyrir andlit hennar þar til hún var við að missa meðvitund. Einnig þröngvaði ákærði Y tvívegis til samræðis á meðan á þessu stóð. Y hlaut mikla áverka um allan líkamann; marbletti, eymsli, rispur, blæðingu við hnakka og í hársverði og skurð á hægri hné.

Við ákvörðun refsingar var litið til þess að brot ákærða gagnvart Y voru sérstaklega hrottafengin og langvinn, en af þeim hlutust miklar líkamlegar og andlegar afleiðingar. Einnig var sérstaklega litið til þess að ákærði notaði kjötexi og búrhníf við atlöguna. Hér var ofbeldisbrot látið falla undir 2. mgr. 218. gr. hgl. þar sem líkamsárásin var svo stórfelld og hrottafengin og hættuleg vopn voru notuð við atlöguna. 194. gr. tæmir ekki sök gagnvart 226. gr. hgl. um frelsissviptingu<sup>84</sup> og því var sakfelld fyrir 194. gr., 2. mgr. 218. gr. og 226. gr. hgl.

---

<sup>81</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð I*, bls. 46.

<sup>82</sup> Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*, bls. 284.

<sup>83</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*, bls. 53.

<sup>84</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*, bls. 54.

Úr eldri dómaframkvæmd má nefna *Hrd. 1994, bls. 671* þar sem ákært var fyrir tilraun til nauðgunar og alvarlega líkamsárás. Ákærði réðst á konu í kirkjugarði og nauðgaði henni. Konan hlaut talsverða áverka um allan líkamann og fingurbrot. Ákærði var sakfelldur fyrir brot gegn 194. gr. sbr. 20. gr. og 1. mgr. 218. gr.

## 6 Ákvörðun refsinga í nauðgunarmálum

Hvaða áhrif hefur ofbeldi við ákvörðun refsingar í nauðgunarmálum og hver er þróunin, hafa refsingar ef til vill þyngst?

Ýmis atriði, lögakveðin og ólögakveðin, hafa áhrif þegar refsing er ákveðin fyrir dómi í nauðgunarmálum. Engar refsilækkunarástæður er að finna innan 194. gr., en í hgl. má þó finna fjögur ákvæði um almennar refsilækkunarástæður sem m.a. taka til nauðgunarbrot. Þessi ákvæði eru 2. mgr. 20. gr., 2. mgr. 22. gr., 74. gr. og 75. gr. hgl. og er um frjálssar refsilækkunarheimildir að ræða.<sup>85</sup> Í 70. gr. hgl. eru sjónarmið sem líta ber til við ákvörðun refsingar og geta þau bæði virkað til refsimildunar og refsíþyngingar, eftir því sem við á. Árið 2007 kom 195. gr. hgl. inn í lögin sem refsíþyngingarheimild fyrir brot gegn 194. gr. Í b-lið kemur fram að ef ofbeldi geranda er stórfellt skal virða það til þyngingar.<sup>86</sup> Í 2. mgr. 218. gr. a er ítrekunarákvæði, sem verkað getur til refsihækkunar í málum þar sem dæmt er fyrir brot gegn 194. gr. og 218. gr. Einnig getur fyrri dómur fyrir nauðgun líka haft ítrekunaráhrif í síðara máli vegna líkamsmeiðinga skv. 217. gr. eða 218. gr.<sup>87</sup>

205. gr. hgl. er ítrekunarákvæði sem kveður á um heimild til hækka refsingu fyrir kynferðisbrot allt að um helming hennar ef sá sem sæta á refsingu hefur áður verið dæmdur fyrir slík brot.

### 6.1 Ákvörðun refsinga á árunum 1992-2008

Á tímabilinu 1992 – 2008 gengu 47 dómur í Hæstarétti þar sem sakfelld var fyrir nauðgun sem framin var með ofbeldi eða hótun um ofbeldi. Ragnheiður Bragadóttir tók saman í dómabók sinni dómaframkvæmd Hæstaréttar í kynferðisafbrotamálum á þessu 17 ára tímabili.<sup>88</sup>

---

<sup>85</sup> Ragnheiður Bragadóttir: „Ákvörðun refsinga í nauðgunarmálum”, bls. 69.

<sup>86</sup> Alpt. 2006-07, A-deild, bls. 555-556.

<sup>87</sup> Ragnheiður Bragadóttir: „Ákvörðun refsinga í nauðgunarmálum”, bls. 70.

<sup>88</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot. Dómabók*, bls. 425-426.

Af rannsóknnum Ragnheiðar má sjá að sakfellingardómar seinustu fimm árunna, þ.e. á tímabilinu 2004 – 2008 eru 20 talsins, þar af eru 12 frá árunum 2006 – 2008. Þetta sýnir að dómunum fjölgaði mikið. Á tímabilinu 1992 – 2003 er refsingin 1 – 3 ára fangelsi og er algengasta refsingin 2 ár, dæmt í 13 dómum af 25. Á þessu tólf ára tímabili er meðalrefsingin því rétt undir 2 ára fangelsi.<sup>89</sup>

Á tímabilinu 2004 – 2008 hljóða einungis 3 af 20 sakfellingardómum upp á 2 ár í fangelsi. Í dómabók Ragnheiðar segir „13 dómar eru þyngri en 2 ára fangelsi, þar af eru 4 dómar þar sem refsingin er 5 ára fangelsi. Í aðeins 4 dómum er refsingin vægari en 2 ára fangelsi. Þyngstu dómarnir eru fyrst og fremst frá síðustu tveimur árum tímabilsins, 2007 og 2008.”<sup>90</sup> Af þessu má sjá að dómarnir þyngdust frá árinu 1992 og til ársins 2008. Ragnheiður kemst jafnframt að þeirri niðurstöðu að dómarnir hafi þyngst fyrir sambærileg brot en að það verði ekki eingöngu skýrt af því að um grófari brot sé að ræða.<sup>91</sup> Í könnun sinni á ákvörðun refsingar í dómum Hæstaréttar fyrir brot gegn 194. gr. kemst Ragnheiður að því að ofbeldi sem beitt er við brotin hefur mikil áhrif á refsihæð. Ragnheiður bendir á að í 194. gr. sé ekki minnst á ungan aldur, en refsing eigi m.a. að miðast við það hversu miklu ofbeldi eða hótunum er beitt. Ung fórnarlömb hafa lítinn líkamlegan og sálfræðilegan styrk til þess að verjast nauðgunum og því getur minniháttar hótun eða tiltölulega lítið ofbeldi virkað ógnvekjandi gagnvart þeim hópi. Þess vegna ber að taka mikið tillit til ungs aldurs þolenda þegar metið er hve miklu ofbeldi eða hótunum er beitt.<sup>92</sup>

## 6.2 Ákvörðun refsinga á árunum 2009 - 2010

Á árunum 2009 - 2010 hafa 8 dómar gengið í Hæstarétti þar sem sakfelld var fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. hgl. Árið 2009 féllu 3 sakfellingardómar og árið 2010 féllu 5 sakfellingardómar í málum þar sem brotið var gegn 1. mgr. 194. gr. hgl.

Af þeim 3 dómum sem féllu árið 2009 var í einum þeirra, *Hrd. 18. júní 2009 (55/2009)*, sakfelld fyrir tilraun til nauðgunar. Ákærði fékk 15 mánaða fangelsisdóm og honum var gert að greiða brotaþola 600 þúsund krónur í miskabætur. Í hinum dómunum frá 2009<sup>93</sup> þar sem sakfelld var fyrir 1. mgr. 194. gr. var refsing ákvörðuð 4 ½ ár. Töluverðu ofbeldi var beitt í málunum. Í *Hrd. 28. maí 2009 (67/2009)* var ákært fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 194 gr. en sakfelld fyrir kynferðislega áreitni skv. 199. gr. hgl. Í málinu setti ákærði fingur upp í kynfæri

<sup>89</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot. Dómabók*, bls. 425-426.

<sup>90</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot. Dómabók*, bls. 426.

<sup>91</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot. Dómabók*, bls. 426.

<sup>92</sup> Ragnheiður Bragadóttir: „Ákvörðun refsinga í nauðgunarmálum”, bls. 82-83.

<sup>93</sup> *Hrd. 8. október 2009 (129/2009)* og *Hrd. 17. desember 2009 (619/2009)*.

brotapola. Einnig beitti ákærði brotapolu töluverðu ofbeldi, m.a. með því að slá hana í andlit og líkama. Refsing var ákveðin 1 ár í fangelsi.

Af þeim 5 dómum sem féllu árið 2010 má sjá að í þyngsta dóminum var refsing ákvörðuð 8 ár í fangelsi, en þar var um að ræða stórfelld brot sem áttu sér stað um árabíl og tóku til 194. gr. og 218. gr.<sup>94</sup> Vægasti dómurinn hljóðaði upp á 2½ ár,<sup>95</sup> í tveimur dómum var refsing ákvörðuð 3½ ár<sup>96</sup> og í þeim síðastnefnda var refsing ákvörðuð 3 ár í fangelsi.<sup>97</sup>

Þegar sakfellingardómar frá árunum 2009-2010 eru skoðaðir má sjá af hverju refsingin ákvarðast og hvaða áhrif ofbeldið hefur á ákvörðun refsinga. Í málunum er litið til þess við ákvörðun refsingar hversu alvarlegt ofbeldið var og hvaða afleiðingar það hafði í för með sér fyrir brotapolu, bæði andlegar og líkamlegar. Eins og gefur að skilja þyngjast refsingarnar eftir því sem ofbeldið er grófara og alvarlegra. Í vægasta dómi Hæstaréttar frá árinu 2010<sup>98</sup> beitti gerandi brotapolu ekki miklu ofbeldi. Hann hélt henni niðri þar til hún hætti að streitast á móti og þröngvaði sér inn í hana. Í þyngsta dóminum sem féll beitti gerandinn brotapolu miklu og alvarlegu langvarandi ofbeldi.<sup>99</sup> Einnig er litið til tengsla brotapolu við gerandann. Það virkar til þyngingar ef gerandi hefur áður framið brot, sakarvottorð er allta látið fylgja og vikið er sérstaklega að því hvort það hefur áhrif. Í einungis tveimur af þessum dómum var vísað til 195. gr. hgl. við ákvörðun refsingar. Í *Hrd. 12. maí 2010 (502/2009)* var ákærði dæmdur í 8 ára fangelsi fyrir stórfellda líkamsárás og nauðgun gegn þáverandi sambúðarkonu sinni, litið var til b og c-liða 195. gr.<sup>100</sup> við ákvörðun refsingar í málinu. Einnig var litið til 3. mgr. 70. gr. hgl. við ákvörðun refsingar, en hún kveður á um að taka skuli til refsibýngingar ef verknaður hefur beinst að karlmanni, konu eða barni sem er nákominn geranda, og tengslin hafa aukið á grófleika verknaðarins. Í *Hrd. 18. júní 2009 (55/2009)* var brotapoli 16 ára þegar tilraun til nauðgunar átti sér stað og var litið til a – liðar 195. gr.<sup>101</sup> við ákvörðun refsingar.

Í *Hrd. 8. október 2009 (129/2009)* var M sakfelldur fyrir að hafa nauðgað barnsmóður sinni K og beitt hana alvarlegu ofbeldi á heimili hennar:

---

<sup>94</sup> *Hrd. 12. maí 2010 (502/2009)*.

<sup>95</sup> *Hrd. 4. nóvember 2010 (323/2010)*.

<sup>96</sup> *Hrd. 9. desember 2010 (555/2010)* og *Hrd. 10. júní 2010 (421/2009)*.

<sup>97</sup> *Hrd. 6. maí 2010 (31/2010)*.

<sup>98</sup> *Hrd. 4. nóvember 2010 (323/2010)*.

<sup>99</sup> *Hrd. 12. maí 2010 (502/2009)*.

<sup>100</sup> B-liður tekur til brota þar sem ofbeldi geranda er stórfelld. C-liður tekur til brota sem framin eru á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt.

<sup>101</sup> A-liður tekur til brota gegn börnum yngri en 18 ára.

M réðist að K, hrinti henni í stofugólfið þar sem hann sparkaði í hana, sló höfði hennar margsinnis í gólfið, veitti henni fjölda hnefahögga í höfuð og líkama, reif í hár hennar og þvingaði hana til samræðis og endaparmsmaka. Einnig veittist hann að henni að morgni sama dags og sló hana mörgum hnefahöggum í kvið, bak og höfuð og trampaði svo á henni þar sem hún lá í gólfinu. Áverkar K eftir árásina voru mjög alvarlegir. Handleggir og fótleggir hennar voru nánast alsettir marblettum, K hafði glóðaraugu á báðum augum og rifu í húð á öðru augnlokinu. Augu og efri vör K voru bólgin og á enni hennar og höfði voru kúlur.

Árásin taldist varða við 1. mgr. 194. gr. og 217. gr. hgl. Við ákvörðun refsingar var sérstaklega litið til þess að brot ákærða beindist að lífi, líkama og kynfrelsi brotþola. Áverkar K voru eins og áður sagði miklir, árásin fólkskuleg og unnin á heimili hennar að nóttu til. Einnig var litið til þess að árásin stóð yfir í langan tíma og ársgamalt barn hennar var heima en það jók töluvert á alvarleika brotsins. Litið var til 1., 2., 3., 6., og 7. tl. 1. mgr. 70. gr. hgl. við ákvörðun refsingarinnar. Loks var litið til þess hversu alvarlegar líkamlegar og andlegar afleiðingar árásin hafði í för með sér fyrir K. Einnig þótti ástæða til að líta til þess að brotþoli og ákærði höfðu verið í sambúð og áttu saman barn. Vegna þeirra tengsla var litið til 3. mgr. 70. gr. hgl. við ákvörðun refsingar. Með hliðsjón af atvikum þeim sem áttu sér stað og líkamlegum og andlegum afleiðingum árásarinnar var M dæmdur til fangelsisvistar í 4 ½ ár og honum gert að greiða K 1,2 milljónir í miskabætur.

*Hrd. 10. júní 2010 (421/2009)* varðar brot gegn 194. gr. og 202. gr. hgl. Í málinu var X sakfelldur í Hæstarétti fyrir að hafa nauðgað A, sem var fjórtán ára, í bíl sínum. Sannað var að X hefði beitt A ofbeldi og annars konar nauðung til að ná fram kynferðismökunum. X var að skutla A heim, en A hafði gætt barna hans umrætt kvöld. Við ákvörðun refsingar var aðallega litið til þess að stúlkan hafði oft áður gætt barns ákærða og var hann því tengdur henni og hafði unnið sér traust hennar. Var því um mikinn trúnaðarrest að ræða í garð stúlkunnar. Hann nýtti sér yfirburðarstöðu sína og neyddi hana með ofbeldi til kynferðismaka í bílnum, þaðan sem hún komst ekki út. Brotið var talið varða við 1. mgr 194. gr. hgl. og 1. mgr. 202. gr. hgl. og því um brotasamsteypu að ræða skv. 77. gr. hgl, sem virkaði til refsipýngingar. Var ákærða gert að sæta refsingu í 3½ ár og gert að greiða A 800 þúsund krónur í miskabætur.

Í *Hrd. 9. desember 2010 (555/2010)* var T sakfelldur fyrir að hafa nauðgað A og þvingað hana til samræðis með því að beita hana ofbeldi á heimili hans. T hrinti brotþola á skáp eða hillu og rankaði hún við sér í rúmi ákærða. Í dóminum kom fram að ákærði hefði árið 2000 verið sakfelldur fyrir tilraun til nauðgunar í Póllandi. Einnig kom fram að hann hefði leikið konuna illa og valdið henni líkamlegum áverkum. Er vísað til

Þess að verknaðurinn hafi haft alvarlegar afleiðingar fyrir brotþola og það að þvinga til kynmaka sé gróft brot gegn persónu, friði og frelsi brotþola. Refsing var ákveðin fangelsivist í 3½ ár og T var gert að greiða brotþola 1,2 milljónir í bætur.



## 7 Niðurstöður og lokaorð

Augljóst er að á seinustu árum hefur orðið vitundarvakning í samfélaginu. Viðhorf gagnvart kynferðisbrotum hafa gjörbreyst og sýna róttækar lagabreytingarnar sem urðu á kynferðisbrotakafla hgl. í kjölfar skýrslu nauðgunarmálanefndar það vel, sem og breyting sem gerð var á lögunum árið 2007. Sú þróun virðist vera í íslenskum rétti að refsingar fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. eru að þyngjast. Slíkt má sjá af dómaframkvæmd seinustu ára, en þyngsti dómur sem fallið hefur fyrir nauðgun féll í Hæstarétti árið 2010. Eftir að hafa skoðað nýjustu dóma Hæstaréttar þar sem sakfelld var fyrir 1. mgr. 194. gr. má sjá að ofbeldi gagnvart brotþola hefur mikil áhrif varðandi refsihæð í dómunum. Því meira og alvarlegra sem ofbeldið verður, hækkar refsingin, sbr. *Hrd. 12. maí 2010 (502/2009)*, þar sem ákærði fékk 8 ára fangelsisrefsingu. Þar sem ofbeldið er lítið er refsingin mun vægari, sbr. *Hrd. 6. maí 2010 (31/2010)*, þar sem ákærði fékk 2½ ár í fangelsi.

Norska fræðikonan Tove Stang Dahl telur að of mikil áhersla sé lögð á ofbeldið sem beitt er við nauðgun í gildandi rétti. Gróft ofbeldi gerir nauðgunina vissulega alvarlegri, en í nauðguninni sem slíkri felist alvarlegt ofbeldi. Meiri líkur séu á sakfellingu og þyngri dóm ef ofbeldið er mikið. Tove bendir á að þessi mikla áhersla á ofbeldi einfaldi um of skilning á því afbroti sem nauðgun er. Hafa verði í huga að í afbrotinu felist fólkskuleg árás á persónulegt frelsi og friðhelgi einstaklingsins, þ.e. á athafnafrelsi og kynfrelsi sem verndarhagsmuni.<sup>102</sup> Nauðgun er allt í senn frjálstræðisbrot, líkamsárás og brot gegn friði.<sup>103</sup> Slík brot eru mjög alvarleg og geta haft langvarandi og slæmar afleiðingar fyrir brotþolann. Því ber að fagna þeirri þróun að refsingar fyrir slík brot hafa þyngst á seinustu árum.

---

<sup>102</sup> Tove Stang Dahl: *Pene piker haiker ikke. Artikler om kvinneverett, strafferett og velferdsstat*, bls. 200-203.

<sup>103</sup> Tove Stang Dahl: *Pene piker haiker ikke. Artikler om kvinneverett, strafferett og velferdsstat*, bls. 203-204.

## HEIMILDASKRÁ

*Alþingistíðindi.*

Ármann Snævarr: „Breytingar á almennum hegningarlögum í ljósi breyttra viðhorfa í refsirétti”. *Tímarit lögfræðinga*, 3. hefti 1983, bls. 133-177.

Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti I*. 2. útgáfa. Reykjavík 1983.

Johs. Andenæs og Anders Bratholm: *Spesiell strafferett*. 2. útgáfa. Oslo 1990.

Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsibýrgð I*. Reykjavík 1999.

Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*. Reykjavík 1992.

Ragnheiður Bragadóttir: „Ákvörðun refsingar í nauðgunarmálum”. *Úlfjótur*, 1. tbl. 1999, bls. 67-84.

Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*. Reykjavík 2006.

Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot. Dómabók*. Reykjavík 2009.

Ragnheiður Bragadóttir: Umsögn með greinargerð á vef Alþingis, <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=133&malnr=20&dbnr=737&nefnd=a> (skoðað 14. apríl 2011).

Ríkissaksóknari: Umsögn með greinargerð á vef Alþingis <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=133&malnr=20&dbnr=10&nefnd=a> (skoðað 14. apríl 2011).

*Skýrsla nauðgunarmálanefndar*. Dómsmálaráðuneytið, Reykjavík 1989.

Tove Stang Dahl: *Pene piker haiker ikke. Artikler om kvinnerett, strafferett og velferdsstat*. Oslo 1994.

## DÓMASKRÁ

*Hrd. 1991, bls. 1580*

*Hrd. 1992, bls. 87*

*Hrd. 1994, bls. 671*

*Hrd. 2001, bls. 4518 (290/2001)*

*Hrd. 2004, bls. 1111 (416/2003)*

*Hrd. 13. september 2007 (131/2007)*

*Hrd. 31. janúar 2008 (380/2007)*

*Hrd. 14. febrúar 2008 (464/2007)*

*Hrd. 4. desember 2008 (383/2008)*

*Hrd. 28. maí 2009 (67/2009)*

*Hrd. 18. júní 2009 (55/2009)*

*Hrd. 8. október 2009 (129/2009)*

*Hrd. 12. nóvember 2009 (487/2008)*

*Hrd. 17. desember 2009 (619/2009)*

*Hrd. 14. janúar 2010 (250/2009)*

*Hrd. 6. maí 2010 (31/2010)*

*Hrd. 12. maí 2010 (502/2009)*

*Hrd. 10. júní 2010 (421/2009)*

*Hrd. 21. júní 2010 (636/2009)*

*Hrd. 4. nóvember 2010 (323/2010)*

*Hrd. 9. desember 2010 (555/2010)*

